

## Útför Guðrúnar Rafnsdóttur 03.10.04

### Texti 1. Pét. 4:10.

Náð sé með yður og friður frá Guði föður og Drottni vorum Jesú Kristi.

Amen.

Í fyrra Pétursbréfi standa þessi orð.

“ Þjónið hver öðrum með þeirri náðargáfu sem yður hefur verið gefin, sem góðir ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs”.

Amen.

Í sköpunarverki Guðs erum við ráðsmenn hans samkvæmt trúarlegri lífssýn. Við erum ekki skynlausar verur, háð duttlungum annarra, stefnulaus reköld í veröld þar sem kjörum og högum er misskipt. Manneskjunni er gefin trúin í brjóst til þess að gefa lífinu gildi, miðla öðrum og mega síðan að leiðarlokum njóta eilífrar blessunar hennar. Því má trú aldrei verða þægilegur svæfill heldur tæki til þess að berjast góðu baráttunni, láta gott af sér leiða í því samfélagi og samtíð

sem við fæðumst í. Hún má aldrei einangrast í þvoglukenndu ákalli heldur á að vera virk á vettvangi hins daglega lífs. Til þess erum við kölluð af Guði inn í þessa veröld að stunda réttlæti, trú, kærleika og frið, eins og Páll postuli segir á einum stað. Slíkt verður ekki stundað í sjálfhverfri íhugun heldur miklu fremur í baráttu hins daglega lífs þar sem sá mæddi og þjáði eygir von um líkn og frelsi.

Erindi kristinnar trúar við þennan heim er virkur boðskapur um réttlæti, um lausn við ófrjálsan mann. Jesús steig inn í veröld okkar til þess að gefa hinni kúguðu manneskju og svívirtu von um að ná rétti sínum, fá í sinn hlut sinn deildan verð. Boðun hans var ekki fagurt tal á torgum, ekki eingöngu hlýr hugur og frómar óskir, heldur boðskapur í verki, líf í samhljóm við kenningu, athafnir sem fylgdu orðum. Því var hann af sumum hataður og lítilsvirtur. Jesús var fleinn í hold þeirra sem nutu ávaxtanna af annarra striti, orð hans særðu og vöktu ugg um að veraldarvaldið væri valt. Hinum fjötruðu var hann boðberi um frelsi, þeim sem ekkert áttu var hann von og vissa um að breyta mætti örbirgð í jafnrétti, óvináttu í bræðralag. Jesús kenndi að Guð er ekki bara Guð hinna "góðu" og sterku heldur ekkert síður og kannski fremur Guð hins fátæka og smáa, hins hjálparlausa og þjáða. Fyrir þá alla þjáðist Kristur og dó á krossi. Og þar, í sárustu neyð og örbirgð og niðurlægingu, fæddist okkar kristna trú, vonin eina um að hið góða muni sigra hið vonda þrátt fyrir allt. Jafnvel dauðinn myndi hopa fyrir lífi Guðs.

Hinum róttæka boðskap kristinnar trúar um þjóðfélagslegt réttlæti hefur kirkjan ekki alltaf hampað, stundum óttast hann til þess kannski að styggja ekki og hræða frá. En á slíkum stundum hefur hún verið veikust. Hún er stríðandi kirkja,

kirkja baráttunnar fyrir velferð þinni þessa heims og annars. Þá rís hún hæst og er mest þegar hún þorir. Þá hefur hún líka þurft að eiga þjóna, sem voru reiðubúnir að leggja mikla vinnu og krafta af mörkum til að bæta samtíma sinn. Marga slíka hefur hún átt og á enn. Sumir þeirra hafa aðhyllst stefnur og strauma sem kirkjan hefur stundum óttast, en að óþörfu. Kirkjan má ekki óttast mennina, hún á að þjóna þeim.

Ein slíkra stefna er róttæk jafnaðarstefna, stefna um jöfnuð og bræðralag, ekki í mörgu ólík kristnum viðhorfum. En rétt eins og kirkjan sjálf hefur stundum liðið fyrir í aldanna rás, þá hefur sósíalisminn verið misnotaður, rangtúlkaður. En í eðli sínu er hann krafa um þetta sama: Réttlætið, jöfnuðinn, reisin manneskjunnar. Sú hugsjón breytist aldrei í eðli sínu hvernig svo sem framkvæmdinni miðar.

Kristni og jafnaðarstefna eru báðar hluti af þeim vonum sem mannkynið á um betra líf og jafnari kjör. Þær ættu að geta notið birtu hvor frá annarri ef rétt er á haldið. Til þess þarf góða ráðsmenn, sem af fordómaleysi geta talast við og látið viðmælendur sína njóta sannmælis og virðingar. Það er skilningur kirkjunnar um ráðsmenn Guðs, að sérhvert uppbyggilegt starf eða verk unnið í þessu lífi væri hluti af þjónustunni við Guð.

Látin vinkona sem við kveðjum hér í dag, Guðrún Rafnsdóttir, var einn þessara góðu þjóna sem helgaði líf sitt baráttunni fyrir jöfnuði og reisin þeirra sem minna máttu sín. Hún var alla tíð sósíalisti af hugsjón og barðist undir því merki. Þó erfitt sé ætíð að mæla boðunarstarf hugsjóna tel ég að áhrif hennar hafi verið mikil og eftir orðum hennar tekið vegna hógværðar hennar og þróðmennsku og einnig vegna þess hve samkvæm hún var sjálfri sér. Við kistu hennar koma mér í hug þessi orð

Páls postula "Þjónn Drottins á ekki að eiga í ófriði, heldur á hann að vera ljúfur við alla, góður fræðari, þolinn í þrautum, hógvær er hann agar þá , sem skipast í móti".

Biðjum þess nú að leiðarlokum að sú barátta sem hún helgaði líf sitt megi áfram lifa, hugsjónir hennar um reisin manneskjunnar megi dafna. Biðjum þess og að góður Guð veiti þjóni sínum þegnurétt í því ríki eilífðarinnar þar sem réttlætið er fullkomið og frelsari heimsins ríkir. Með þá bæn á vör skulum við staldra við fáeinar myndir minninganna og fá þær til að tala sínu hljóða máli. Guð blessi minningu hennar í Jesú nafni.

Guðrún Rafnsdóttir var fædd í Framnesi í Grundarfirði þann 22. mars árið 1910. Hún var yngst tíu barna hjónanna Rafns Júlíusar Símonarsonar sjómanns frá Lýtingsstöðum í Skagafirði og konu hans Guðrúnar Gísladóttur, húsmóður og saumakonu frá Reykjavík. Börn þeirra voru: Sigríður, Gísli, Arnfríður, Jón, Helga, Jóhann, Erlendur og Guðrún. Áður höfðu þau misst, Símon og Guðrúnu eldri. Fyrir hjónaband hafði Rafn átt einn son. Öll eru þau systkinin nú látin. Þau Rafn og Guðrún ráku sitt stóra heimili í Grundarfirði um þriggja ára skeið, höfðu áður búið í Neskaupstað og Reykjavík. Í Grundarfirði gerði Rafn út eigin bát en missti hann og þar með aleiguna. 1911 fluttu þau með börnin sín til Stykkishólms. Þar varð fjölskyldan fyrir því áfalli að Guðrún kona Rafns lést. Í þá daga hafði samfélagið ekki mörg bjargráð í svona tilfellum og því varð að koma yngri börnunum í fóstur. Guðrún fór í fóstur til hjónanna Hildar og Gísla Hjálmarssonar í Neskaupstað. Eftir skilnað þeirra hjóna fluttist Guðrún með Hildi fóstru sinni til Seyðisfjarðar þá 7 ára gömul. Tveim árum seinna fluttust þær svo til Vestmannaeyja. Þó Guðrúnu hafi líkað

dvölin eystra þá urðu Eyjarnar hennar sterka æskuheimili. Þar réð sjálfsagt miklu að Rafn faðir hennar bjó þar og tvö systkini hennar. Þar með gat hún verið samvistum við hluta fjölskyldu sinnar og bast þeim sterkum tryggðarböndum. Systkina-hópurinn átti líka sterk tengsl hvert við annað alla tíð þó fjarlægðir skildu þau stundum að.

Það má því segja að uppvaxtarár Guðrúnar hafi mótast af harðri lífsbaráttu og erfiðleikum þó allir sem að henni stóðu hefðu reynst henni góðir í hvívetna. Og slíkt mótár manneskjurnar oftast og skerpir réttlætiskennnd og jafnréttis-hugsjónir, hvetur til samstöðu og baráttu fyrir betra lífi samferðafólks. Guðrún fann fljótt byr nýrra strauma í þjóðfélaginu þegar verkalýðshreyfingin var af veikum mætti að treysta samstöðu hinna vinnandi stétta á fyrri hluta 20. aldar. Þar skipaði hún sér í sveit og var trú þeim málstað alla tíð, baráttukona mannréttinda og jafnræðis.

Ung að árum giftist Guðrún fyrri manni sínum Þórarni Bernótussyni vélastjóra frá Vestmannaeyjum. Eignuðust þau son, Hilmar Bernótus sem var framkvæmdastjóri í Njarðvík. Hann lést árið 1992, var kvæntur Valgerði Valdimarsdóttur og áttu þau fjögur börn, Árna Þór, Kristínu, Hildi og Hjördísi. Guðrún og Þórarinn skildu og fluttist Guðrún hingað til Reykjavíkur.

Hér í Reykjavík kynntist Guðrún seinni manni sínum, Eggert Þorbjarnarsyni, syni Þorbjörns Eggertssonar, ættaður úr Húnaþingi vestra og konu hans Rósu Aradóttur frá Seyðisfirði vestra. Þau Guðrún og Eggert giftu sig þann 7. nóvember árið 1934<sup>1</sup> í Moskvu þar sem þau bjuggu til ársins 1936. Eggert

---

<sup>1</sup> Eggert og Guðrún giftu sig 1952 í Reykjavík (leiðrétting RE)

vann þar á Alþjóðaskrifstofu verkalyðsins en Guðrún vann á saumastofu. Árin þeirra í Moskvu voru þeim góð. Guðrún kynntist þar nýjum samfélagsháttum sem féllu að lífssýn hennar og hún kynnti síðar hér heima í ræðu og riti. Lista- og menningarlíf Moskvuborgar höfðaði sterkt til þeirra hjóna enda stóð það í miklum blóma. Guðrún var reyndar alla tíð einstaklega listræn og unnandi lista og menningar í víðum skilningi. Einnig eignuðust þau góða vini og héldu vinskap þangað austur í áratugi.

Árið 1936 fluttust þau hjón hingað til Reykjavíkur þar sem þau bjuggu síðan, lengst af í húsi þeirra að Langholtsvegi 33. Þau eignuðust saman tvö börn, Rafn Þorbjörn, rennismið. Hann var giftur Guðbjörgu Birnu Bragadóttur og áttu þau tvo syni, Eggert og Örn Braga. Rafn lést árið 2001. Dóttir Guðrúnar og Eggerts er Rósa Guðrún, kennari á Akureyri og þar býr hún ásamt manni sínum Gunnari Jónssyni. Synir þeirra eru Hjálmar Sigurjón og Eggert Rúnar.

Hér í Reykjavík starfrækti Guðrún saumastofu ásamt vinkonu sinni Oddnýju Pétursdóttur en síðar starfrækti hún saumastofuna ein næstu áratugina. Þótti Guðrún bæði vandvirk og hæfileikarík saumakona og gekk þessi rekstur hennar nokkuð vel. Vegna veikinda varð hún þó að hætta fyrir en hún hugði. Eggert vann sem skrifstofumaður en síðar bankamaður og rak loks síðustu árin eigin bóksölu. Hann lést árið 1989. Það var Guðrúnu að vonum mikið áfall að missa mann sinn en hún hafði oft orð á því hve gott tengdafólk hún átti.

Guðrún átti sér ýmis áhugamál og hugðarefni sem hún sinnti eftir bestu getu. Allt frá barnæsku las hún mikið, bæði fagurbókmenntir og bækur um þjóðfélagsmál. Hún var vel læs

á dönsku og önnur erlend mál án þess að hafa lært þau sérstaklega. Hún var sjálf mikil sagnakona, sagði vel frá atburðum og átti þann hæfileika að gera frásögur sína lifandi og áhugaverðar með frásagnargáfu sinni. Guðrún var líka ágætur málari myndverka, hafið notið tilsagnar í því. Hún málaði með vatnslitum fyrst og fremst og hafa tugir mynda hennar skreytt bækur og verið gefnar út<sup>2</sup>. Bera þær vott um listfengi hennar og fagað handbragð. Þau hjónin sóttu sýningar mikið og stunduðu menningarlíf borgarinnar eftir bestu getu.

Guðrún var líka áhugamanneskja um leiklist og sótti sýningar leikhúsanna þegar færi gafst. Þá spilaði hún á hljóðfæri og var gítarleikari í Mandólinhljómsveit Reykjavíkur sem starfaði hér um árabíl. Þau hjón ferðuðust mikið um landið og nutu þess, unnu náttúrunni og gjarnan málaði Guðrún myndir úr náttúrunni sem við augum blasti.

Guðrún var ekki einasta ræktunarmenneskja góðs mannlífs í lífi sínu. Hún ræktaði einnig garðinn við hús þeirra hjóna og þar var garðurinn hennar mikil prýði og vel hirtur. Seinni árin beindist áhugi hennar á þessu sviði að rækta heilsu- og lækningajurtir og bjó hún til græðandi smyrsl úr þeim og miðlaði fjölskyldu sinni.

Í þessum áhuga- og hugðarefnum sínum var Guðrún nákvæm og las sér til í því skyni að auka þekkingu sína. Hún vildi vita vissu sína og fúsk var ekki hennar vinnulag.

---

<sup>2</sup> Guðrún málaði fyrst og fremst myndir í bókinni Íslandsmyndir Mayers 1836 er út kom hjá Erni og Örlygi 1986. (Leiðrétting RE)

Líf Guðrúnar var ekki alltaf áfallalaus sigling um sléttan sjó. Hún mátti margt mótlætið reyna, missi ástvina, heilsuleysi og stjórnmalaskoðanir þeirra hjóna áttu sjaldnast upp á pallborðið í almennri þjóðfélagsumræðu. Sárin í sálinni voru nokkur en hún lét mótlætið ekki buga sig, heldur kom oft sterkari út úr því. Hún var baráttukona, trú skoðunum sínum og sannfæringu, faguð í framkomu en sagði sínar skoðanir umbúðalaust. Hún var málafylgjukona, eðlisgreind og átti létt um nám. Hún talaði um málefni af sannfæringarkrafti en leiddi hjá sér að tala um fólk og hnýta í aðra.

Guðrún átti mikið skap en fór yfirleitt vel með það. Hún vildi hafa reglu á umhverfi sínu og vita um þær hræringar lífsins sem snertu hana. Margir leituðu til hennar um ráð og álit og hún kunni þá list að hlusta og setja sig inn í mál. Mörgum var hún hollráður vinur, gerði hlutina af fagmennsku og ígrundaði vel skoðanir sínar.

Já, það koma margar minningar í hugann við kistu Guðrúnar Rafnsdóttur. Hún skapaði sína sögu á einu mesta umbrotatímabili í þjóðfélagi okkar, tók virkan þátt í baráttu um kjör og hugsjónir, var þar gjarnan í bakvarðasveitinni meðan aðrir voru í fremstu víglínu. En ég veit að það munaði um skoðanir hennar og sannfæringu og með stjórnsemi sinni kom hún mörgu áleiðis. Þær minningar sem hún skapaði með lífi sínu munu lifa áfram og vaka í brjóstum þeirra sem henni kynntust best. Orð mín í dag eru eins og haustlaufin sem fjúka í burtu og hverfa en lifandi minning verka hennar og hugsjóna mun lifa. Því er hún kvödd í dag með einlægum söknuði, þökk sé Guði fyrir árin hennar öll 94 að tölu.

Um það leyti sem Eggert dó greindist Guðrún með alvarlegan sjúkdóm, vefjalömun í fótum. Það var erfiður sjúkdómur en

hún fékk aðstoð við að halda heimili sitt þrátt fyrir þessi erfiðu veikindi. Margir litu til með henni eftir það en ég held að á engan sé hallað þegar nefnt er nafn systurdóttur hennar, Erlu, en milli þeirra ríkti alltaf einstaklega djúp og einlæg vinátta sem var Guðrúnu mikils virði. Árið 2002 fékk Guðrún heilablóðfall og varð eftir það að dvelja á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Bæði þar og eins við þá heimahjúkrun sem hún áður fékk var um hana hugsað af umhyggju og hlýju. Fyrir það veit ég að hún var þakklát og vilja ættingjar hennar þakka því góða fólki öllu fyrir frábær störf í hennar þágu. Guðrún lést á Skjóli þann 25 október s.l. farin að heilsu og kröftum.

Að leiðarlokum berast ástar og saknaðarkveðjur. Eftirlifandi dóttir, tengdabörn, barnbörn og fjölskyldur þeirra senda hinstu þakkarkveðju fyrir samvistir áranna.

Sérstakar kveðjur frá Hildi Hilmarsdóttur og fjölskyldu hennar. Einnig frá þeim systur Kolbrúnu og Valgerði Árnadætrum sem dveljast í Bandaríkjunum og gátu ekki verið hér í dag. Þau öll þakka liðnar stundir.